

AUGLÝSING

um takmörkun á innflutningi á þurrkuðum fíkjum, heslihnetum, pistasíum, og afurðum úr þeim frá Tyrklandi.

1. gr.

Auglýsing þessi gildir um innflutning á þurrkuðum fíkjum, heslihnetum, pistasíum, og afurðum úr þeim sem upprunnar eru frá Tyrklandi og ætlaðar eru til manneldis.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett til að tryggja að matvæli sem um getur í 1. gr. og flutt eru til landsins innihaldi hvorki aflatoksín B1 né önnur aflatoksín yfir hámarksgildum skv. reglugerð nr. 284/2002 um aðskotaefni í matvælum, með síðari breytingum.

3. gr.

Ekki er heimilt að flytja inn eftirtalin matvæli sem upprunnin eru frá Tyrklandi:

- Þurrkaðar fíkjur sem falla undir tollskrárnúmer 0804.2000.
- Heslihnetur sem falla undir tollskrárnúmer 0802.2100 eða 0802.2200.
- Pistasíur sem falla undir tollskrárnúmer 0802.5000.
- Blöndur af hnetum og þurrkuðum ávöxtum sem falla undir tollskrárnúmer 0813.5001 og 0813.5009, sem innihalda fíkjur, heslihnetur eða pistasíur.
- Unnar afurðir úr heslihnetum, fíkjum og pistasíum, þ.m.t. blöndur sem falla undir tollskrárnúmer 2008.1900.
- Fíkjudeig og heslihnetudeig sem falla undir tollskrárnúmer 2007.9900.

Þrátt fyrir ofangreint ákvæði skal innflutningur heimill ef innflytjandi framvísar vottorði frá opinberum eftirlitsaðila um að varan innihaldi hvorki aflatoksín B1 né önnur aflatoksín yfir hámarksgildum skv. reglugerð nr. 284/2002 um aðskotaefni í matvælum, með síðari breytingum.

4. gr.

Ef vara sem um getur í 3. gr. er á markaði hér á landi við gildistöku auglýsingarinnar er eftirlitsaðila heimilt að gera kröfu um að innflytjandi vörunnar leggi fram vottorð frá opinberum eftirlitsaðila um að hún innihaldi hvorki aflatoksín B1 né önnur aflatoksín yfir hámarksgildum skv. reglugerð nr. 284/2002 um aðskotaefni í matvælum, með síðari breytingum.

Geti innflytjandi ekki lagt fram slíkt vottorð skal varan tekin af markaði.

5. gr.

Eftirlit með framkvæmd auglýsingar þessarar skal vera skv. ákvæðum laga nr. 93/1995 um matvæli, sbr. einnig ákvæði til bráðabirgða III í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

6. gr.

Auglýsing þessi er sett með stoð í 28. gr., sbr. einnig 18. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli. Auglýsing þessi er sett með hliðsjón af ákvörðun nr. 2002/80/EB, sbr. breyting á henni nr. 2002/679/EB. Auglýsingin öðlast gildi við birtingu og frá sama tíma fellur úr gildi auglýsing nr. 211/2002 um takmörkun á innflutningi tiltekinna matvæla frá Tyrklandi.

Umhverfissráðuneytinu, 13. desember 2002.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.